

**FRÁSÖGN**

af þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins á Akureyri og á fjarfundi 26. janúar 2022.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins var haldin með blönduðu fyrirkomulagi þar sem hluti fyrirlesara komu saman á Akureyri en þingmenn Vestnorræna ráðsins tengdust fundinum gegnum fjarfundarbúnað. Af hálfu Alþingis tóku þátt í ráðstefnunni Steinunn Þóra Árnadóttir, formaður, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, varaformaður, Ásmundur Friðriksson, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir og Þórarinn Ingi Pétursson, auk Lárusar Valgarðssonar, alþjóðaritara.

Þemaráðstefnan bar yfirskriftina „Aðgerðir í loftslagsmálum og græn umskipti á Vestur-Norðurlöndum“. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins var gestgjafi ráðstefnunnar sem haldin var í Hofi á Akureyri og á fjarfundi í Teams.

Þemaráðstefnan dró fram mikilvægi Akureyrar sem miðstöðvar samstarfs og rannsókna um norðurslóðir á Íslandi. Kynntar voru grænar lausnir hjá sveitarfélaginu og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar og formaður Vettvangs bæjarstjóra á norðurslóðum, bauð ráðstefnugesti velkomna, ásamt Steinunni Þóru Árnadóttur, formanni Íslandsdeildar, og Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Ráðherra flutti einnig ávarp um aðgerðir í loftslagsmálum og græn umskipti á Vestur-Norðurlöndum og frekara vestnorrænt samstarf á sviði loftslagsmála. Ávarp fluttu að auki Kalistat Lund, landbúnaðar-, sjálfsnægta-, orku- og umhverfisráðherra Grænlands, og Magnus Rasmussen, umhverfis- og iðnaðarráðherra Færeyja. Eftir ávörpin voru pallborðsumræður með þátttöku ráðherranna og forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins, sem í sitja Pipaluk Lyng-Rasmussen, Grænlandi, formaður Vestnorræna ráðsins, Steinunn Þóra Árnadóttir, Íslandi, 1. varaformaður ráðsins, og Edva Jacobsen, Færeyjum, 2. varaformaður ráðsins.

Í pallborðsumræðunum kom fram að vestnorrænu loftslagsráðherrarnir voru jákvæðir gagnvart ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1 frá árinu 2021 um aukið samstarf og samhæfðar aðgerðir Færeyja, Grænlands og Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum. Kalistat Lund hvatti til að ráðherrarnir funduðu reglulega, og tóku Guðlaugur Þór Þórðarson og Magnus Rasmussen vel í það. Formaður Vestnorræna ráðsins Pipaluk Lyng-Rasmussen og forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins lýstu yfir ánægju sinni með afstöðu ráðherranna og formaðurinn þakkaði grænlenka ráðherranum fyrir að hefja samtalið um ráðherrafundi. Loftslagsráðherrarnir bentu á ýmsa mögulega fleti aukins samstarfs. Málafni hafsins voru þar ofarlega á baugi, en einnig voru helst nefnd til sögunnar orkumál og samgöngur.

Á þemaráðstefnunni voru að auki ýmsar framsögur fræðimanna og sérfræðinga varðandi loftslagsmál og græn umskipti. Framsögu um stöðu loftslagsmála og framtíðarhorfur þeim tengdum í Vestnorðri höfðu þau Josephine Nyman hjá Náttúrufræðistofnun Grænlands, Halldór Björnsson hjá Veðurstofu Íslands, og Hjálmar Hátún hjá Haffræðistofnun Færeyja.

Guðmundur Haukur Sigurðarson hjá Vistorku á Akureyri, Johannes Jensen hjá Tengslaneti um sjálfbært atvinnulíf í Færeyjum, og Nicklas Birkely og Rasmus Jakobsen hjá Grænlenkum gróðurhúsum á Grænlandi, kynntu grænar lausnir á Vestur-Norðurlöndum.

Þá var einn hluti ráðstefnunnar tileinkaður samstarfi um rannsóknir á loftslagsmálum á norðurslóðum sem stýrt er frá Akureyri. Samstarfið var kynnt af Federicu Scarpa hjá Norðurslóðaneti Íslands, Tom Barry hjá CAFF-vinnuhópi Norðurslóðaráðsins, Soffíu Guðmundsdóttur hjá PAME-vinnuhópi Norðurslóðaráðsins og Niels Einarssyni hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Í tengslum við þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um Aðgerðir í loftslagsmálum og græn umskipti í Vestnorðri voru einnig kynntar tilnefningar til Barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Vestnorræna ráðsins árið 2022. Tilnefndar eru bækurnar *Afi og ég* og *afi* eftir Dánial Hoydal og Anniku Øyrabø frá Færeyjum, *Dýrin halda þing um mengun jarðarinnar* eftir Kent Kielsen frá Grænlandi og *Bannað að eyðileggja* eftir Gunnar Helgason. Verðlaunin verða afhent haustið 2022.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).